



Raforkuvísar Raforkueftirlitsins

2025/2– September


Samantekt ágúst 2025

Vinnsla	Vinnsla á 2. ársfj. 2025 var óbreytt frá fyrra ári.
Heildsöluverð	Verð stundarmánaðar (ágú.) var 5,1 kr/kWh. Framvirkt mánaðarverð fyrir des. 2025 er 7,1 kr/kWh og áætlað verð fyrir ársblokk árið 2028 er 6,9 kr/kWh.
Stórnotkun	Notkun við framleiðslu málma á 2. ársfj. 2025 var næstum óbreytt milli ára (-0,5 GWh). Notkun gagnavera var 19% lægri borið saman við fyrra ár (-66 GWh).
Almenn notkun	Almenn notkun alls jókst um 2,7% á 2. ársfj. milli ára (+25 GWh). Forgangsorka lækkaði um 1,1% á 2. ársfj. frá fyrra ári (-8 GWh). Afhent skerðanleg orka jókst um 57% milli ára (27 GWh).
Dreifikerfi	Vinnsla smávirkjana á 2. ársfj. jókst um 16% (22 GWh) frá fyrra ári. Bætt staða vatnsbúskapsins er helsti drifkraftur aukinnar vinnslu.
Jöfnunarorka	Mikil sveifla á jöfnunarorkuverði átti sér stað innan júlímánaðar þar sem það var mikil þörf á reglunarafli vegna viðhalds og bilana. Hæstu kaup námu um 75-80 þkr/MWh.
Orkuöflun	Hlutfall tryggðar orku raforkusala til almennra notanda á 1. ársfj. 2026 er um 90%. Til samanburðar, í ágústmánuði árið 2024 var tryggt hlutfall orkuþarfar 87% fyrir 1. ársfj. 2025.
Annað	Lægsta smásöluverð raforku í ágúst hækkað um 35% milli ára á verðlagi hvers árs. Dreifigjald dæmigerðra heimila í ágúst hækkað um 5% milli ára. Raforkukostnaður fyrirtækja (2-20 GWh) fyrri hluta árs 2025, Q1-Q2, hefur hækkað um 11% milli ára.


Ath: 1. Nánari upplýsingar eru birtar á vefsíðu os.is, undir Upplýsingar – Talnaefni – Raforka. 2. Mánaðargögn fyrra og núverandi árs eru bráðabirgðatölur.

Vinnsla

Vatnsorka



Jarðhiti




Samanlögð raforkuframleiðsla allra vatnsafls- og jarðhitavirkjana


Ath: 1. GWh er gígavattstundir. 1 TWh er 1.000 GWh, 1 GWh er 1.000 MWh og 1 MWh er 1.000 kWh. 2. Leiðrétt fyrir dagafjölda.

Nýting afls – vatn og varmi

Vatnsorka




Jarðhiti




Hlutfall framleiðslu og hámarks framleiðslugetu allra vatnsafls- og jarðvarmavirkjana

Nýting afls – vindur og birta

Vindorka



Sólarorka í Grímsey




Hlutfall framleiðslu og hámarks framleiðslugetu vindorku og sólarorku með sérmælingu inn á dreifikerfi eða flutningskerfi


Heimild: Raforkueftirlitið. Ath: Framleiðsla í Grímsey er um 900 kWh fyrir hvert kW af afli, hjá Brimborg í Reykjavík er framleiðslan um 900 kWh á hvert kW en gert er ráð fyrir að hægt sé að ná a.m.k. 1.000 klst nýtingu á sunnanverðu landinu. Sjá nánar um hagkvæmni sólarorku í almennum forsendum orkuspar í talnaefni á vefsíðu Orkustofnunar.

Dreifikerfi

Smávirkjanir



Flæði veitna til flutningskerfis




Vinnsla smávirkjana inn á dreifikerfi, og orkuflæði frá dreifiveitum til Landsnets. Smávirkjanir eru með afl 10 MW eða minna og mata orku inn á dreifikerfi. Vinnslugeta hefur aukist undanfarin ár.


Ath: Leiðrétt fyrir dagafjölda.

Jöfnunarorka og verðsveiflur

Meðaljöfnunarorkuverð á Íslandi



Hlutfall árs á verðbili (kr/MWh)




Verðbil (kr/MWh)	Reglun	Gefur merki um
0-100	Niðurreglun	Offramboð í kerfinu
100-1.000	Niðurreglun-jafnvægi	Líklegt offramboð en nokkuð jafnvægi
1.000-6.000	Jafnvægi-uppreglun	Líklegt að framboð sé takmarkað en nokkuð jafnvægi
6.000-10.000	Uppreglun	Skortur á framboði en ekki verulegt ójafnvægi
10.000-25.000	Nokkur uppreglun	Skortur á framboði og ójafnvægi
25.000-45.000	Mikil uppreglun	Verulegur skortur á framboði og talsvert ójafnvægi
45.000+	Uppreglun umfram reglunaraflstryggingu	Notkun langt umfram framboð. Ójafnvægi í kerfinu er umfram það sem Landsnet hefur tryggt í reglunarafli (40MW). Yfirleitt er gripið til reiðuafls til að regla kerfið.

Jöfnunarorka er hæsta heildsöluverð raforku og gefur vísbendingu um stöðu markaðsjafnvægis. Verðhækkarnir í júlí eru vegna viðhalds og bilana samhliða. Tíðni hvers verðbils segir til um ástand heildarmarkaðarins hverju sinni.

Heimild: Landsnet. ATH: Notast er við hlutfall af heildartímum árs í stað fjölda tíma árs til að leiðrétta fyrir mismunandi dagafjölda mánuða.

Verðsveiflur jöfnunarorkuverðs

Hlaupandi 12 mánaða flökt





Flökt	0-50%	50-100%	100-150%	150-200%	200%+
Markaðsástand	Mjög stöðugt	Nokkuð stöðugt	Sveiflukennt	Mjög sveiflukennt	Öfgakenndar sveiflur

Frá byrjun árs 2022 hófust verulegar verðhækkanir á jöfnunarorku og óstöðugleiki jókst hratt. Sveiflurnar náðu hámarki á árunum 2023–2024 þegar flökt mældist vel yfir 200%. Þetta bendir til mikils óstöðugleika í kerfinu á þeim tíma. Eftir mitt ár 2024 dró verulega úr sveiflum og árið 2025 virðist verðið hafa náð nýju jafnvægi, með hlutfallslega hóflegum sveiflum á bilinu 60–70%.

Heimild: Landsnet.



Heildsöluverð



Almennur markaður eru verð við virkjun, stórnotendur fá afslátt frá þeim verðum vegna magninnkaupa

Heimild: Raforkueftirlitið, Landsnet, Vonarskarð, Elma, Nasdaq OMX, Nordpool Group, Montel, Greenfact. Ath: 1. Upprunaábyrgðir fyrir vatnsorku ársblokkir. 2. Nordpool system price. 3. Stórnot. Noregi er 10 ára samningur af grunnorku á verðsvæði 2 þar sem stór hluti gagnavera er staðsettur.

Almenn notkun




Almenn notkun raforku skiptist upp í forgangsorku og skerðanlega orku. Flokkun skerðanlegrar orku er skv. Netorku. Töf getur verið hjá Netorku varðandi breytta skráningu notenda


Ath: 1. Leiðrétt fyrir dagafjölda. Spá fyrir maí-des 2025 og 2026. 2. Almennir notendur eru heimili, fyrirtæki sem nota minna en 80 GWh/ári, og dreifitöp dreifiveitna. 3. ATH. birt gögn um almenna skerðanlega orku kunna að innihalda notendur sem hafa færst yfir í forgangsorku.

Markaðshlutdeild

Smásala - almenn notkun




Framboð vinnslu - almenn notkun



Ath: 1. Smásala skv. Netorku, nær yfir sölu til almennra notenda tengdir dreifikerfi, forgangs- og skerðanleg orka ásamt dreifitöpum. 2. Framboð almenn notkun skv. orkuöflunargögnum Raforkueftirlitsins og talnaefni Orkustofnunar, framboð = innmötun vinnslu – stórnotkunarsala – flutningstapasala – (skerðanleg almenn sala- aðkeypt skerðanleg almenn). Heildsala er talin sem almenn notkun til einföldunar. Ekki er gerður greinarmunur á dreifitöpum fyrir forgangs og skerðanlega notkun. Stærð markaðar í útreikningum hlutdeilda er áætlaður sem summa ofangreinds framboðs fyrirtækjanna. 3. 2025 áætlað.

Orkuöflun forgangsorku

Tryggt hlutfall orku fyrir almenna forgangsnotkun




- Hlutfall tryggðar orku á komandi ári hefur hækkað talsvert frá því í febrúar.
- Almenn forgangsnotkun nær yfir forgangsorku almennra notenda og dreifitöp. Tryggð orka vísar í orku sem búið er að tryggja með vinnslu og/eða kaupum.
- Myndin sýnir samanburð á gögnum sem skilað var til Raforkueftirlitsins á tímabilinu október 2024 til júní 2025 til Raforkueftirlitsins.
- Notkun fjarvarmaveitna OV færist úr skerðanlegri í tryggða forgangsorku, áhrifin eru mögulega ekki komin fram að fullu.
- Taflan sýnir tryggða orku og orkupörf fyrir almennan markað.

Forgagnsorka (GWh)	Q1 2025	Q2 2025	Q3 2025	Q4 2025	Q1 2026	Q2 2026	Q3 2026	Q4 2026
Tryggð	983	845	782	970	944	859	821	1.142
Orkupörf	919	775	779	995	1.052	855	797	1.019


Ath: 100% miðar við spá Raforkuvísa sem byggir á raforkuspá Orkustofnunar. Mánaðarleg skipting árlegrar eftirspurnar er skv. meðaltali fyrri ára (2015-2024).

Orkujöfnuður

Eftirspurn og framboð



Orka í uppistöðulónum




Orkujöfnuður á vinstri mynd sýnir svartsýna framleiðsluspá til að meta verstu útkomu raforkuöryggis.

Ath: 1. Vinnsla lágsþá er sviðsmynd um lága framleiðslu. Almenn forgangsorka inniheldur dreifitöp, stórnotkun inniheldur öll flutningstöp. Árleg gildi úr raforkuspá Orkustofnunar. 2. Orka í lónum er meðaltal mánaðar, orkan er áætluð af Raforkueftirlitinu.

Þróun smásöluverðs


Smásöluverð lækkaði umtalsvert með tilkomu samkeppni þegar raforkulög voru sett árið 2003 og notendur gátu valið sér raforkusala árið 2006, og aftur þegar smásölufyrirtækjum fjölgaði, og einnig lækkaði það í Covid faraldri en hefur nú hækkað á ný.



1. Smásöluverð m.v. lægsta smásöluverðs sem er í boði í september mánuði á hverju ári. 2. Heimild söluaðilaskipti er Netorka.

Gjaldskrá flutningsfyrirtækisins


- Flutningskostnaður stórnotenda m.v. gjaldskrár Landsnets fyrir septembermánuð hvers árs í USD (hægri ás á eftirfarandi mynd).
- Flutningskostnaður almenn notkun m.v. flutningskostnað í gjaldskrá Veitna fyrir septembermánuð hvers árs í ISK.



Heimild: Gjaldskrár sérleyfisfyrirtækja. Ath: 1) ISK núvirt með VNV m.v. júlí 25 2) USD núvirt með CPI og m.v. apríl 25 3) Flutningsgjald til stórnotenda innifelur: afhendingargjald, aflgjald, orkugjald, kerfisþjónustu og töp.

Gjaldskrár dreifiveitna

Dreifikostnaðurinn samanstendur af orkugjaldi vegna dreifingar og flutnings, ásamt fastagjaldi, jöfnunargjaldi og dreifbýlisframlagi. Notkun miðar við meðalnotkun heimila, 4.500 kWh á ári.





Heimild: Raforkueftirlitið.

Raforkukostnaður almenns iðnaðar


Vinstri mynd sýnir raforkukostnað iðnfyrirtækja fyrri helming 2025 skipt eftir árlegri raforkunotkun og á verðlagi þess tíma. Gögnin ná ekki yfir öll iðnfyrirtæki en gefa góða mynd.

Hægri mynd sýnir raforkukostnað almennra fyrirtækja á Norðurlöndum, kaupmáttarleiðrétt.




Stórnotkun

Framleiðsla málma





Gagnaver



Raforkunotkun stórnotenda sem nota að lágmarki 80 GWh á ári á einum stað.

Ath: Leiðrétt fyrir dagafjölda. Orkan er samtals forgangsorka og skerðanleg orka.

Önnur notkun



Orka sem tapast við flutning á milli landshluta, og orka sem virkjanir nota sjálfar eða afhenda beint.

Ath: Leiðrétt fyrir dagafjölda.

Takk fyrir lesturinn

Gögn á bak við Raforkuvísa er að finna á os.is – upplýsingar – talnaefni.

Ertu með athugasemdir eða hugmyndir um hvað við getum gert betur? Allar ábendingar vel þegnar og óskast á raforkueftirlit@uos.is

Raforkueftirlitið